

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar, nr. 252/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 62. gr. samþykktarinnar:

1. 1. málsl. 4. mgr. B-liðar I. kafla, um skipulags- og framkvæmdanefnd, breytist og orðast svo: Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og framkvæmdanefnd.
2. 1. málsl. 5. mgr. B-liðar I. kafla, um stjórn menningarstofu, breytist og orðast svo: Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í stjórn menningarstofu.
3. Við II. kafla bætist ný málsgrein, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn: *Stjórn Sköpunarmiðstöðvar*. Bæjarstjórn skipar einn fulltrúa, og annan til vara, í stjórn Sköpunarmiðstöðvar að fenginni tilnefningu stjórnar menningarstofu.
4. 4. og 6. mgr. II. kafla, um stjórn Skólaskrifstofu Austurlands og stjórn Sjóminjasafns Austurlands, falla brott.
5. 3. mgr. II. kafla breytist og orðast svo, ásamt fyrirsögn: *Stjórn Tónlistarmiðstöðvar Austurlands*. Bæjarstjórn skipar þrjá fulltrúa, og jafnmarga til vara, í stjórn Tónlistarmiðstöðvar Austurlands að fenginni tilnefningu stjórnar menningarstofu.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 24. júní 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 8. júlí 2026